




LANDSSKIPULAG
2015-2026

Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu



Loftslag, landslag, lýðheilsa

Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026
Mars 2019

Hvað er lýsing?

Samkvæmt skipulagslögum skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu þegar vinna við landsskipulagsstefnu hefst. Í lýsingu er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun stefnunnar. Það varðar til dæmis hvaða viðfangsefni verður fjallað um og hvernig fyrirhugað er að standa að greiningu forsendna og umhverfismati. Í lýsingu er einnig greint frá því hvernig kynningu og samráði verður háttað við mótun stefnunnar.

Þegar lýsingin er kynnt opinberlega gefst almenningi og hagsmunaaðilum kostur á að kynna sér hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu og koma á framfæri hugmyndum og ábendingum um nálgun og efnistöð. Það getur til dæmis varðað:

- Hvaða viðfangsefni og áherslur ætti að taka fyrir við mótun stefnunnar.
- Hvaða þætti er ástæða til að greina varðandi stöðu og þróun skipulagsmála, sem nýtist við mótun stefnunnar.
- Hvaða fyrirliggjandi áætlana stjórnvalda er mikilvægt að horfa til við mótun stefnunnar.
- Hvernig æskilegt er að standa að umhverfismati við mótun stefnunnar.
- Hvernig æskilegt er að standa að kynningu og samráði við mótun stefnunnar.

Inngangur

Hér er sett fram lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu, en umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna að skipulagsstefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu sem komi til viðbótar við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 sem samþykkt var á Alþingi árið 2016.


Gert er ráð fyrir að Landsskipulagsstefna 2015–2026 gildi áfram en að mótuð verði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Litið verði til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar og jafnframt verði yfirfarin ákvæði gildandi landsskipulagsstefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða.

Hvað er landsskipulagsstefna?

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum, til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu. Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Umhverfis- og auðlindaráðherra felur Skipulagsstofnun gerð landsskipulagsstefnu. Skipulagsstofnun vinnur að tillögu að landsskipulagsstefnu með víðtæku samráði við önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Þegar tillaga Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur ráðherra hana til skoðunar og leggur síðan fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu á Alþingi. Landsskipulagsstefna tekur gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana sem þingsályktun.

Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt í gegnum skipulagsáætlanir sveitarfélaga, þ.e. svæðis-, aðal- og deiliskipulag. Hún getur einnig haft áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, svo sem um samgöngur eða orkumál. Þá getur hún falið í sér tiltekin verkefni, svo sem leiðbeiningar- eða þróunarverkefni, til að hrinda markmiðum stefnunnar í framkvæmd.



Viðfangsefni og áherslur

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður hverju sinni, við upphaf vinnu við gerð landsskipulagsstefnu, um hvaða viðfangsefni skal fjallað og hvaða áherslur skal leggja til grundvallar við mótun landsskipulagsstefnu.

Ráðherra fól Skipulagsstofnun sumarið 2018 að hefja vinnu við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 þar sem mótuð verði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Við mótun stefnunnar verði litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og jafnframt yfirfarin ákvæði gildandi landsskipulagsstefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða.

LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015–2026

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015–2026 sem samþykkt var á Alþingi árið 2016. Gert er ráð fyrir að hún gildi áfram, en að afrakstur þeirrar stefnumótunar sem nú er að hefjast vinna við, muni koma til viðbótar og dýpka þá stefnu sem fyrir er.

Í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 eru sett fram fjögur leiðarljós til grundvallar þeirri stefnu sem þar er sett fram, en þau eru að skipulag byggðar og landnotkunar:

- Stuðli að sjálfbærri þróun.
- Sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Stuðli að lífsgæðum fólks.
- Styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni:

- Skipulagsmál á miðhálandinu.
- Skipulag í dreifbýli.
- Búsetumynstur og dreifingu byggðar.
- Skipulag á haf- og strandsvæðum.

Landsskipulagsstefnu 2015–2026 má nálgast á landsskipulag.is.

Landsskipulagsstefna 2015–2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni: Skipulagsmál á miðhálandinu; skipulag í dreifbýli; búsetumynstur og dreifingu byggðar; og skipulag á haf- og strandsvæðum. Um hvert þessara fjögurra viðfangsefna er sett fram yfirmarkmið, sem eru:

Skipulag á miðhálandi Íslands

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Skipulag í dreifbýli

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Búsetumynstur og dreifing byggðar

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

Skipulag á haf- og strandsvæðum

Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.



Kynningarmyndbönd á landsskipulag.is

Tengsl nýrra viðfangsefna – loftslags, landslags og lýðheilsu – við gildandi landsskipulagsstefnu

Hægt er að sjá nýju viðfangsefnin þrjú – loftslag, landslag og lýðheilsu – fyrir sér þannig að þau fléttist inn í þá stefnu sem sett er fram í gildandi landsskipulagsstefnu.

Þannig verði, svo dæmi sé tekið, mótuð nánari stefna um landslagssjónarmið við skipulags- og mannvirkjagerð bæði í þéttbýli og dreifbýli, á hálendinu og á strand-svæðum, en er þegar að finna í gildandi landsskipulagsstefnu.

Stefna um nýju viðfangsefnin – loftslag, landslag og lýðheilsu – kemur þannig til viðbótar og dýpkunar á þeirri stefnu sem fyrir er í Landsskipulagsstefnu 2015–2026.



Mynd, Friðheimar: flickr/Christophe Pinard, CC. Aðrar myndir úr safni Skipulagsstofnunar.

VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR VIÐ MÓTUN FREKARI STEFNU

Umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur eins og áður segir, falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu. Að neðan er gerð grein fyrir þeim áherslum sem ráðherra hefur sett fram fyrir þá vinnu.

Skipulag með tilliti til loftslagsmála


Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram eftirfarandi áherslur sem lagðar verði til grundvallar við mótun skipulagsstefnu um loftslagsmál:

„Af hálfu umhverfis- og auðlindaráðherra er lögð áhersla á að í landsskipulagsstefnu verði sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig bæta megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækar og víðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi. Slíkar aðgerðir geta falið í sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum. Setja skal fram stefnu um skipulagsaðgerðir sem miði að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með samþættu byggðar- og samgönguskipulagi sem dragi úr ferðapörf, styðji fjölbreyttan ferðamáta og tryggi innviði fyrir orkuskipti. Einnig um skipulagsaðgerðir sem miða að bindingu gróðurhúsalofttegunda með verndun og endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt. Jafnframt verði fjallað um skipulagsaðgerðir vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum, svo sem með grænum innviðum, varnarmannvirkjum og útfærslu byggðar með tilliti til hækkunar sjávarborðs.“

Loftslag og skipulag

Stjórnvöld hafa sett fram markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Jafnframt liggur fyrir að búa þarf samfélagið undir þær umhverfisbreytingar sem hljóttast af loftslagsbreytingum.

Skipulagsgerð er mikilvægur vettvangur til að vinna að markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum. Með ákvörðunum um skipulag byggðar, samgangna og landnýtingar í þéttbýli og dreifbýli er hægt að leggja af mörkum bæði til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Einnig er mikilvægt að nægilega sé hugað að því í skipulagi að bregðast við og tryggja viðnámsþol byggðar gagnvart þeim umhverfisbreytingum sem er að vænta vegna veðurfarsbreytinga, svo sem hækkads sjávarborðs.



Skipulagsgerð með tilliti til landslags

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram eftirfarandi áherslur sem lagðar verði til grundvallar við mótun stefnu um skipulagsgerð með tilliti til landslags:

„Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er mótuð stefna um þróun byggðar, nýtingu lands og uppbyggingu innviða. Mikilvægt er að skipulagsgerð sé beitt til að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar hámarki tækifæri til að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni, sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi. Ekki síður er mikilvægt að nýta skipulagsgerð til þess að ný byggð, hvort sem er innan eða utan þéttbýlis, skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi útfærslu á fyrirkomulagi byggðar og almenningsrýma.“


Lögð er áhersla á að í landsskipulagsstefnu verði sett fram stefna og leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til landslags. Fjallað verði jöfnum höndum um landslag í þéttbýli, dreifbýli og óbyggðum. Sérstaklega verði sett fram viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum, sem fylgi eftir aðgerð sem skilgreind eru í Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Að sama skapi verði fjallað um skipulag vindorkunýtingar með tilliti til landslags og sett viðmið fyrir ákvarðanir um slíka nýtingu, sbr. einnig aðgerð skilgreinda í Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Einnig verði fjallað um skipulag með tilliti til landslagsverndar hvað varðar ákvarðanir um landnotkun og breytingu á landnotkun í dreifbýli.“

Landslag og skipulag

Við alla mannvirkjagerð er mikilvægt að hugað sé að því hvernig staðbundin gæði sem felast í landslagi viðkomandi svæðis eru nýtt, sem og hvernig mannvirkin falla að og sóma sér best í landi og skapa góða umgjörð um mannlíf á viðkomandi stað. Þetta á við hvort sem unnið er að skipulagsgerð í þéttbýli, dreifbýli eða óbyggðum. Með landslagi er þannig bæði átt við svokallað borgarlandslag, byggðamynstur og almannarými í þéttbýli (e. townscape), menningar- eða búsetulandslag í dreifbýli (e. cultural landscape) og hið náttúrulega landslag í dreifbýli og óbyggðum.

Eins og skýringarmyndin hér að neðan ber með sér samanstandur landslag af bæði náttúrufarslegum og menningarlegum þáttum og skynjun okkar á þeim.

Mannvirkjagerð og breyting á landnýtingu getur haft áhrif á landslag með ólíkum hætti. Byggingar og skógrækt geta lokað sjónlínunum og stór mannvirki eins og háspennulínur og vindmyllur geta breytt yfirbragði svæða, svo dæmi séu tekin. Eins getur húsum, götum í þéttbýli, vegum í sveitum og útivistarstígum verið þannig fyrir komið að fólki gefist tækifæri til skynja og öðlast nýja sýn á landslag viðkomandi svæðis.



Mynd þýdd og staðfærð úr: Christine Tudor, 2014. An Approach to Landscape Character Assessment. Natural England.

Skipulag og lýðheilsa

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram eftirfarandi áherslur sem lagðar verði til grundvallar við mótun stefnu um skipulag og lýðheilsu:

„Vaxandi meðvitund er um áhrif hins byggða umhverfis á andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Koma þar margir þættir til, svo sem aðgengi að vönduðum almenningsrymum og aðstaða til göngu og hjólræiða í daglegu lífi. Einnig aðgengi að villtri náttúru og grænum svæðum, sem og heilnæmi umhverfis hvað varðar loftgæði og vatnsgæði. Mikilvægt er að litið sé til slíkra sálfélagslegra þátta við skipulag hins byggða umhverfis.“

„Lögd er áhersla á af hálfu ráðherra að í landsskipulagsstefnu verði sett fram stefna og leiðbeiningar um skipulagsgerð sem taki mið af sálfélagslegum þáttum og samspili þeirra og stuðli þannig að bættri lýðheilsu og vellíðan. Það getur varðað framangreinda þætti og hvernig útfærsla byggðar og almenningsryma getur unnið út frá og styrkt staðaranda viðkomandi svæðis og stutt félagsauð, jöfnuð og öryggi.“


Lýðheilsa og skipulag

Upphaf nútímaskipulagsgerðar í kringum aldamótin 1900 má rekja til áherslu frumkvöðla í þeim efnum á lýðheilsu. Þá var áherslan á að tryggja heilnæm húsakynni, aðgang að hreinu vatni, loftgæði og fráveitu, svo eitthvað sé nefnt.

Á seinni árum hefur athyglinni í vaxandi mæli verið að nýju beint að áhrifum skipulags á lýðheilsu. Þá er meðal annars horft til þess hvernig fyrirkomulag byggðar getur hvatt til og auðveldað útveru og hreyfingu í daglegu lífi. Einnig hvernig megi, með útfærslu byggðar og almannarýma, stuðla að vellíðan og skapa tækifæri til samveru, auk þess að tryggja heilnæmi umhverfisins almennt.

Birtingarmyndir þessara áherslna geta verið í skipulagi göngu- og hjólastíga, í byggðamynstri sem styður almenningssamgöngur, í útivistarsvæðum, matjurtagörðum og aðgerðum til að bæta hljóðvist og loftgæði við stórar umferðaræðar. Einnig í aðgerðum til að tryggja umferðaröryggi og öryggi fólks gagnvart náttúruvá.

Skýringarmyndin hér til hliðar dregur fram margvíslega áhrifaþætti heilbrigðis sem er að finna í umhverfi okkar og hægt er að vinna með í skipulagi.



Mynd þýdd og staðfærð úr: Hugh Barton og Marcus Grant, 2006. A health map for the local human habitat. *Journal of the Royal Society for the Promotion of Public Health*, 126(6), bls. 252-261.

Aðrar áherslur

Auk framangreindra viðfangsefna hefur umhverfis- og auðlindaráðherra falið Skipulagsstofnun að vinna að eftirfarandi sem hluta af mótun landsskipulagsstefnu:

- Að yfirfara gildandi landsskipulagsstefnu varðandi haf- og strandsvæði með tilliti til nýrra laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
- Að líta til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sérstaklega markmiðs 11 um sjálfbærar borgir og samfélög og markmiðs 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Árið 2018 voru samþykkt lög um skipulag haf- og strandsvæða. Samkvæmt þeim skal ávallt mörkuð stefna um skipulagsmál haf- og strandsvæða í landsskipulagsstefnu. Þar skal jafnframt tilgreint á hvaða svæðum skuli vinna strandsvæðisskipulag, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna skal þegar hefja gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum og er vinna við þau skipulagsverkefni að hefjast í apríl 2019.

Í gildandi landsskipulagsstefnu er þegar að finna almenna skipulagsstefnu um haf- og strandsvæði. Við mótun tillögunnar nú er fyrirhugað að skoða hvort móta skuli nánari stefnu um skipulag haf- og strandsvæða undir framangreindum viðfangsefnum – loftslagi, landslagi og lýðheilsu.


Hvað varðar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, þá verður áhersla á þau felld inn í vinnuna með því að stilla þeim upp sem umhverfisviðmiðum í umhverfismati landsskipulagsstefnu, sbr. umfjöllun á bls. 13-15 að aftan.

Hefur þú ábendingar um atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við útfærslu landsskipulagsstefnu, um þau viðfangsefni og áherslur sem ráðherra hefur sett?

Hægt er að koma þeim ábendingum á framfæri með tölvupósti til landsskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á landsskipulag.is eða bréfleiðis til Skipulagsstofnunar.

Ferlið við mótun stefnunnar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu. Öll umgjörð vinnunnar miðar að því að hún sé opin og aðgengileg og að reglulega sé leitað eftir ábendingum og hugmyndum almennings og hagsmunaaðila.



UPPHAF FERLIS

Umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun í júlí 2018 að hefja vinnu við mótun landsskipulagsstefnu og kynnti stofnuninni hvaða viðfangsefni skuli fjallað um og hvaða áherslur skuli lagðar til grundvallar við mótun stefnunnar. Ráðherra skipaði síðan ráðgjafarnefnd í desember 2018 sem skal vera Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar við mótun stefnunnar, meðal annars um gerð þeirrar lýsingar sem hér er kynnt. Ráðgjafarnefndin hélt sinn fyrsta fund í janúar 2019 og má segja að það marki upphaf ferlisins við mótun stefnunnar.

SAMRÁÐ UM ÁHERSLUR OG NÁLGUN

Í lýsingunni sem hér er kynnt er sett fram verkáætlun fyrir mótun landsskipulagsstefnu og gefin mynd af því hvernig fyrirhugað er að vinna að stefnunni, þar á meðal hvernig staðið verður að kynningu og samráði og umhverfismati við mótun hennar.

Lýsingin er auglýst opinberlega í mars 2019 og kynnt [samráðsvettvangi landsskipulagsstefnu](#). Hún er jafnframt kynnt á kynningar- og samráðsfundum víða um land. Gefnar eru þrjár vikur til að kynna sér lýsinguna og koma skriflegum ábendingum á framfæri til Skipulagsstofnunar um efni hennar og þá vinnu við mótun landsskipulagsstefnu sem framundan er.

Á kynningar- og samráðsfundum um lýsinguna, sem eru öllum opnir, er þátttakendum boðið til samtals um val á áherslum og aðgerðum í landsskipulagsstefnu.

Þau innlegg sem koma fram á samráðsfundum og í umsögnum um lýsinguna verða nýtt við mótun stefnunnar. Á vef landsskipulagsstefnu, landsskipulag.is, verður gerð grein fyrir efni þeirra ábendinga sem fram koma á samráðsfundum og í umsögnum um lýsinguna. Þar verður jafnframt greint frá því hvernig fyrirhugað er að vinna með þau atriði sem þar eru nefnd.

GREINING FORSENDNA OG FYRIRMYNDA

Mikilvægur áfangi í ferlinu felst í greiningu á stöðu og þróun skipulagsmála út frá tilteknum umhverfisvísnum og greiningu á fyrirliggjandi áætlunum stjórnvalda sem varða þróun byggðar og landnýtingu. Með því fæst yfirsýn yfir helstu drifkrafta (e. megatrends) og almenna hneigð (e. trend) sem helst hafa áhrif á þróun byggðar og nýtingu lands. Á bls. 16 er birt yfirlit yfir helstu áætlanir sem lagðar verða til grundvallar þessari greiningu. Á bls. 15 eru einnig birt dæmi um umhverfisvísa sem fjallað verður um í þessari greiningu. Auk þess verður litið til stefnu sem lesa má úr öðrum stefnuskjölum, eftir því sem talið er eiga við, svo sem úr lögum, reglugerðum, skýrslum stofnana og ráðherraskipaðra nefnda og svæðisbundnum áætlunum.

Framangreind forsendugreining verður unnin af Skipulagsstofnun í samráði við fjölmarga aðila og verður sett fram í skýrslu sem áformað er að liggi fyrir haustið 2019.

Samhliða þessari greiningu verða tekin saman minnisblöð og hugmyndahefti um valin atriði sem stefnunni er ætlað að fjalla um, þar sem áhersla verður lögð á að draga fram dæmi um fyrirliggjandi þekkingu og góðar fyrirmyndir, innlendar og erlendar. Viðfangsefni þessarar greiningarvinnu eru í mótun, en hún mun væntanlega beinast meðal annars að kolefnisbókhaldi landnotkunar, landslagsgreiningu, lýðheilsu, vindorku, hönnun gatna og vega, og samhæfðri ferðamátaþjónustu (e. Mobility as a Service MaaS), svo eitthvað sé nefnt.

Þessi vinna verður unnin af ráðgjöfum í samráði við Skipulagsstofnun og skjalfest í minnisblöðum og hugmyndaheftum sem áformað er að liggi fyrir haustið 2019.

MÓTUN VINNSLUTILLÖGU OG UMHVERFISMAT

Á haustmánuðum 2019 verður staðið fyrir málstofuröð um tiltekin viðfangsefni verkefnisins, svo sem um víðerni, vindorku, landslag, loftslagsmál og lýðheilsu. Viðfangsefni þessara funda munu mótast í ferlinu framundan og verða kynnt haustið 2019. Markmið málstofanna er að miðla þekkingu og kalla fram hugmyndir og sjónarmið sem nýtast við mótun landsskipulagsstefnunnar. Skipulagsstofnun mun leita eftir samstarfi við ýmsa aðila um efni og framlög á málstofunum.

Skipulagsstofnun útfærir síðan tillögu að landsskipulagsstefnu á grundvelli greiningar á forsendum og fyrirmyndum og þeirrar umræðu sem farið hefur fram í ferlinu, meðal annars á framangreindum málstofum, í samráði við ráðgjafarnefnd.

Gert er ráð fyrir að uppbygging og framsetning stefnunnar verði hliðstæð því sem er í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Þannig verða undir hverju viðfangsefni sett fram markmið og skilgreindar aðgerðir til að vinna að þeim, annarsvegar við

skipulagsgerð sveitarfélaga og hinsvegar með tilteknum verkefnum stjórnvalda. Leitast verður við að setja tillöguna fram á skýran og myndrænan hátt.

Við mótun vinnslutillögu verður umhverfismati beitt til að velja á milli ólíkra valkosta um stefnu og til að tryggja að landsskipulagsstefna stuðli að sjálfbærri þróun og hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif. Einnig verður umhverfismatið nýtt til að tryggja innbyrðis samræmi stefunnar. Nánar er fjallað um umhverfismatið á bls. 13-15.

KYNNING OG AFGREIÐSLA TILLÖGU

Stefnt er að því að tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu liggi fyrir í mars 2020. Þá verður hún auglýst opinberlega, kynnt á opnum kynningarfundum og jafnframt kynnt sérstaklega fyrir samráðsvettvangi. Að loknum átta vikna kynningartíma fer stofnunin yfir þær athugasemdir sem borist hafa, tekur saman greinargerð með viðbrögðum við þeim og gerir eftir atvikum breytingar á tillögu að landsskipulagsstefnu áður en henni er skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra.

ÞINGSÁLYKTUN UM LANDSSKIPULAGSSTEFNU

Umhverfis- og auðlindaráðherra tekur við tillögu Skipulagsstofnunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar og leggur fram á Alþingi. Fyrirhugað er að tillagan verði lögð fram sem breytingartillaga eða viðauki við gildandi þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026. Tillagan tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt sem þingsályktun á Alþingi. Stefnt er að því að tillagan verði lögð fram á haustþingi 2020.

Hefur þú ábendingar um:

- þætti sem ástæða er til að skoða varðandi stöðu og þróun skipulagsmála?


- áætlanir stjórnvalda sem ætti að leggja til grundvallar við mótun landsskipulagsstefnu?

- hvernig standa eigi að umhverfismati við mótun landsskipulagsstefnu?

Hægt er að koma þeim ábendingum á framfæri með tölvupósti til landsskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á landsskipulag.is eða bréfleiðis til Skipulagsstofnunar.

Ábyrgðar- og samráðsaðilar við mótun stefnunnar

Tillaga að landsskipulagsstefnu verður mótuð í virku samráði við hagsmunaaðila, svo sem sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og félagasamtök auk þess sem almenningi gefst tækifæri til þess að koma að mótun stefnunnar á mismunandi stigum. Helstu aðilar sem hafa formlegt hlutverk við mótun og afgreiðslu landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi.



Umhverfis- og auðlindaráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum og skal leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Hann ákveður hvaða viðfangsefni og áherslur skal fjalla um í landsskipulagsstefnu hverju sinni, en í landsskipulagsstefnu skal ávallt mörkuð stefna um skipulagsmál miðhálandisins og skipulagsmál haf- og strandsvæða.

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun er umhverfis- og auðlindaráðherra til aðstoðar við yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum. Þegar ráðherra hefur ákveðið að hefja gerð landsskipulagsstefnu felur hann Skipulagsstofnun að vinna tillögu að stefnunni.

Ráðgjafarnefnd

Samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um landsskipulagsstefnu skal umhverfis- og auðlindaráðherra skipa ráðgjafarnefnd sem er Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar og samráðs við undirbúning og gerð landsskipulagsstefnu. Ráðgjafarnefndin var skipuð í desember 2018, en mælt er fyrir um hverjir skuli eiga fulltrúa í nefndinni í 3. grein reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Ráðgjafarnefndin fundar reglulega á meðan á vinnslu stefnunnar stendur. Meginverkefni nefndarinnar felast í umræðum og ábendingum til Skipulagsstofnunar um helstu skref í ferlinu og þær skýrslur og tillögur sem Skipulagsstofnun vinnur að á hverjum tíma.

Kynningar- og samráðsáætlun

Yfirlit yfir helstu áfanga landsskipulagsferlisins og áætlaða tímasetningu helstu kynningar- og samráðstækifæra er að finna á bls. 17.

Hefur þú ábendingar um hvernig standa ætti að kynningu og samráði við mótun landsskipulagsstefnu?

Hægt er að koma þeim ábendingum á framfæri með tölvupósti til landsskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á landsskipulag.is eða bréfleidis til Skipulagsstofnunar.

Í ráðgjafarnefndinni sitja:

Steinunn Fjöla Sigurðardóttir, formaður, skipuð án tilnefningar
Sigrún Birna Sigurðardóttir, skipuð án tilnefningar
Sigurður Örn Guðleifsson, tilnefndur af forsætisráðuneyti
Erla Sigríður Gestsdóttir, tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Hanna Dóra Hólm Másdóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Arnór Snæbjörnsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Hrafnkell Á. Proppé, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samráðsvettvangur

Samráðsvettvangur um landsskipulagsstefnu er net tengiliða sem hafa áhuga á að fylgjast með mótun og framfylgd landsskipulagsstefnu.

Aðilar á samráðsvettvangi fá sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og þegar kynningar- og samráðsfundir standa fyrir dyrum. Einnig er sérstaklega vakin athygli á því þegar tillögur eru til formlegrar kynningar, svo sem þegar lýsing og tillaga að landsskipulagsstefnu eru kynntar og aðilum á samráðsvettvanginum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum.

Allir geta skráð sig á [samráðsvettvanginn](#).

Aðrir aðilar

Skipulagsstofnun mun í ferlinu sérstaklega hafa samráð við opinberar stofnanir sem fara með málefni sem tengjast viðfangsefnum landsskipulagsstefnu að þessu sinni, þ.e. loftslagsmálum, landslagi og lýðheilsu. Sérstaklega ber þar að nefna loftslagsráð, Landgræðsluna, Skógræktina, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands varðandi stefnu um loftslagsmál, embætti landlæknis um mótun stefnu um lýðheilsu, verkefnisstjórn rammaáætlunar um mótun stefnu um vindorku með tilliti til landslags og Umhverfisstofnun við mótun stefnu um víðerni. Einnig er haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og eftir atvikum einstök sveitarfélög.

Starfandi er starfshópur Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar, með aðkomu umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem vinnur að útfærslu viðmiða fyrir víðerni og kortlagningu þeirra. Um er að ræða verkefni sem skilgreint er í gildandi landsskipulagsstefnu (gr. 1.1.4), en afrakstur þess verður nýttur við mótun nánari skipulagsstefnu um landslag, sem er viðfangsefni yfirstandandi landsskipulagsferlis.

landsskipulag.is

Á vef landsskipulagsstefnu, landsskipulag.is, eru birtar fréttir af framgangi vinnunnar og ýmis skjöl eftir því sem þau verða til. Meðal þeirra eru lýsing, forsenduskýrslur og tillaga að landsskipulagsstefnu. Þar er líka hægt að nálgast gildandi landsskipulagsstefnu.

Einnig er fréttum af vinnu við landsskipulagsstefnu miðlað á [Facebook-síðu](#) og [Twitter-síðu](#) Skipulagsstofnunar.

Ávallt er hægt að koma á framfæri spurningum og ábendingum tengt landsskipulagsstefnu á landsskipulag.is.

Umhverfismat

Við mótun landsskipulagsstefnu verður umhverfismati beitt til að velja á milli ólíkra valkosta um stefnu og til að tryggja að landsskipulagsstefna stuðli að sjálfbærri þróun og hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif. Einnig verður umhverfismatið nýtt til að tryggja innbyrðis samræmi stefnunnar.

Umhverfismat landsskipulagsstefnu er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og er það samþætt og tvinnuð inn í vinnuna við mótun tillögunnar.

Við mótun vinnslutillögu að landsskipulagsstefnu verður lagt mat á umhverfisáhrif ólíkra valkosta um stefnu með því að bera þá saman við valin umhverfisviðmið. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflunni hér að aftan, en þau eru byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þá sérstaklega þeim sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda.

Umhverfisviðmiðunum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort ólíkir valkostir um markmið og aðgerðir í landsskipulagsstefnu styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Þannig munu matsspurningarnar felast í að greina hvort tillögur að markmiðum og aðgerðum í landsskipulagsstefnu styðja eða vinna gegn umhverfisviðmiðunum. Gert er ráð fyrir að nota fjórar vægiseinkunnir við matið:

- **Jákvæð áhrif**, ef tillaga að markmiði eða aðgerð í landsskipulagsstefnu styður viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Óveruleg áhrif**, ef tillaga að markmiði eða aðgerð í landsskipulagsstefnu hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Neikvæð áhrif**, ef tillaga að markmiði eða aðgerð í landsskipulagsstefnu vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Óviss áhrif**, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að markmiði eða aðgerð í landsskipulagsstefnu styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

Í töflu hér að aftan eru jafnframt skilgreindir tilteknir umhverfisvísar sem nýtast við greiningu á stöðu og þróun skipulagsmála við mótun landsskipulagsstefnunnar, við umhverfismat tillögunnar og mögulega í framhaldinu við mat á árangri stefnunnar. Umhverfisvísarnir byggja meðal annars á þeim vísnum sem skilgreindir hafa verið af Sameinuðu þjóðunum til að fylgjast með framfylgd Heimsmarkmiðanna.

Umhverfismatið verður unnið af Skipulagsstofnun í samráði við aðra sérfræðinga eftir því sem tilefni verður til.

UMHVERFISVIÐMIÐ



Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar

Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum.

Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.

Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.



Tryggja sjálfbæra nýtingu og aðgengi allra að hreinu vatni

Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun.

Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatn og stöðuvötn.



Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

Auka hlut endurnýjanlegrar orku.



Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla

Viðhalda hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður.

Bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu. Leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið.

Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og varning.



Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun

Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra.

Auka aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni.



Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum

Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu.

Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði.

Bæta umferðaröryggi og almenningsþægð. Standa vörð um náttúruminjar og menningararfleifð.

Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.



Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir

Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum.



Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð.



Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt

Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að

vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif,

styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi. Vinna gegn súrnun sjávar.



Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi

Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlandis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Stuðla að sjálfbærri stjórnun skóga af öllu tagi, stöðva eyðingu skóga, endurheimta skóga og auka skógrækt.

Berjast gegn eyðimerkurmyndun, endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu.

Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu.

Koma í veg fyrir landnáms og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni.



Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun

Hvetja til skilvirks samstarfs opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara.

UMHVERFISVIÐMIÐ, UMHVERFISÞÆTTIR OG UMHVERFISVÍSAR

Umhverfisþættir í lögum um umhverfismat áætlana

Umhverfisviðmið	Samfélag	Heilbrigði	Dýr	Plöntur	Líffræð. fjölbr.	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menn. arfleifð	Landslag	Umhverfisvísar
3 HEILSA OG VELLÍBAN 														Ferðamátar Loftgæði Sjúkdómar Umferðarslys
6 HREINT VATN OG HREINLETISABSTADA 														Fráveita Vatnsgæði Votlendi
7 SJÁLFBÆR ORKA 														Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Virkjanir Viðerni
8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 														Ferðaþjónusta Landsframleiðsla
9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING 														Fjarskipti Samgöngukerfi Umferð Vinnu- og þjónustusóknarsvæði
11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG 														Ferðamátar, almenningsamgöngur, umferðarslys Íbúar, íbúðarhúsnæði Loftgæði Úrgangsméðhöndlun Verndarsvæði
12 ABYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 														Úrgangsméðhöndlun
13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM 														Binding kolefnis Hækkun sjávarborðs Losun kolefnis
14 LÍF Í VATNI 														Ástand sjávar Verndarsvæði
15 LÍF Á LANDI 														Landgæði Líffræðileg fjölbreytni Skógar Verndarsvæði
17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN 														

Áætlanir stjórnvalda

Við mótun landsskipulagsstefnu er horft til þeirrar stefnu sem fyrirleggjandi er í öðrum áætlunum stjórnvalda sem áhrif hafa á þróun byggðar og landnýtingu. Í þeirri vinnu verða eftirfarandi áætlanir stjórnvalda sérstaklega hafðar í huga.

[Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnar samstarf og eflingu Alþingis](#) (Ríkisstjórn Íslands, 2017).

Á málefnasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis:

[Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2018).

[Aðgerðaáætlun um Árósasamninginn 2018–2021](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2019).

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Alþingi, [2013](#) og [2015](#)).

[Hreint loft til framtíðar 2018–2029](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2017).

[Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2013).

[Landslagssamningur Evrópu](#) (undirritaður af íslenskum stjórnvöldum 2012, en hefur ekki verið staðfestur).

[Landsskipulagsstefna 2015–2026](#) (Alþingi, 2016).

[Náttúruminjaskrá](#) (Umhverfisráðherra, 1999).

[Náttúruverndaráætlun 2009–2013](#) (Alþingi, 2010).

[Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029](#) (Alþingi, 2018).

Á málefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis:

[Kerfisáætlun 2018–2027](#) (Orkustofnun, 2019).

[Stefna um lagningu raflína](#) (Alþingi, 2015).

[Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku](#) (Alþingi, 2018).

[Vegvísir ferðaþjónustunnar](#) (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015).

Á málefnasviði félagsmálaráðuneytis:

[Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021](#) (Alþingi, 2017).

Á málefnasviði forsætisráðuneytis:

[Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) (Ríkisstjórn, 2018).

[Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum](#) (Forsætisráðherra, 2019).

Á málefnasviði heilbrigðisráðuneytis:

Heilbrigðisstefna til ársins 2030 ([þingsályktunartillaga](#)) (Heilbrigðisráðherra, 2019).

[Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri](#) (Ráðherranefnd, 2016).

Á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis:

[Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist](#) (Mennta- og menningarmálaráðherra, 2014).

Á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:

Ferðumst saman – Stefna í almenningssamgöngum ([Drög](#)) (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, 2019).

[Fjarskiptaáætlun 2011–2022](#) (Alþingi, 2012).

[Samgönguáætlun 2019–2033](#) (Alþingi, 2019).

[Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024](#) (Alþingi, 2018).

Áætlun um kynningu og samráð við mótun landsskipulagsstefnu

	ÁFANGAR	VIÐFANGSEFNI	AÐILAR	VETTvangur	TÍMI
UPPHAF FERLIS	Áherslur ráðherra	Tilkynning um að hefja skuli landsskipulagsferli og hvaða viðfangsefni og áherslur skuli fjalla um.	Umhverfis- og auðlindaráðherra kynnir Skipulagsstofnun.	Bréf ráðherra er aðgengilegt á landsskipulag.is	Júlí 2018
	Skipun ráðgjafarnefndar	Ráðgjafarnefnd skipuð sem er Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar við mótun landsskipulagsstefnu.	Umhverfis- og auðlindaráðherra leitar eftir tilnefn. og skipar ráðgjafarnefnd.	Upplýsingar um ráðgjafarnefnd eru birtar á landsskipulag.is .	Desember 2018
SAMRÁÐ UM ÁHERSLUR OG NÁLGUN	Lýsing	Kynning á því hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu.	Skipulagsstofnun vinnur að og kynnir samráðsvettvangi og almenningi.	Lýsing kynnt með tölvupósti á samráðsvettvang og auglýst opinberlega. Lýsing kynnt og birt á vefnum.	Mars-apr. 2019 3ja vikna athugasemda-frestur
	Samráð um áherslur	Lýsingin er kynnt á kynningar- og samráðsfundum. Þar er einnig leitað eftir hugmyndum og ábendingum um áherslur landsskipulagsstefnu.	Skipulagsstofnun kynnir samráðsvettvangi og almenningi.	Kynningar- og samráðsfundir haldnir víða um landið. Kynntir með tölvupósti á samráðsvettvang og auglýstir opinberlega. Einnig kynntir á vefnum.	Mars-apr. 2019
	Úrvinnsla athugasemda	Yfirferð framkominna ábendinga og athugasemda við lýsingu og greiningu á hugmyndum sem komið hafa fram á samráðsfundum.	Skipulagsstofnun vinnur.	Samantekt Skipulagsstofnunar er kynnt á vefnum. Einnig kynnt samráðsvettvangi með tölvupósti og þeim sem gerðu athugasemdir.	Apríl 2019
GREIN. FORSENDNA OG FYRIRMYNDA	Staða og þróun skipulagsmála	Greining á stöðu og þróun skipulagsmála og áætlunum stjórnvalda sem varða landnotkun.	Skipulagsstofnun vinnur í samráði við ýmsa aðila.	Skýrsla kynnt með tölvupósti á samráðsvettvang og á vefnum.	Haust 2019
	Fyrirmyndir	Greining á fyrirbyggjandi heimildum og fyrirmyndum.	Skipulagsstofnun og ráðgjafar vinna í samráði við ýmsa aðila.	Minnisblöð og hugmyndahefti kynnt með tölvupósti á samráðsvettvang og á vefnum.	Haust 2019
MÓTUN VINNSLUTILL. OG UMHVERFISMAT	Málstofur	Opnir fundir um einstök viðfangsefni landsskipulagsstefnu.	Skipulagsstofnun stendur að í samráði við ýmsa aðila.	Málstofur haldnar í Reykjavík og eftir atvikum streymt á vefnum. Auglýstar opinberlega og kynntar með tölvupósti á samráðsvettvang. Einnig kynntar á vefnum.	Haust 2019
	Vinnslutillaga og umhverfismat	Vinnslutillaga og umhverfismat.	Skipulagsstofnun vinnur í samráði við ýmsa aðila.	Skýrsla kynnt með tölvupósti á samráðsvettvang og á vefnum.	Desember 2019
KYNNING OG AFGREIÐSLA TILLÖGU	Tillaga til kynningar	Tillaga að landsskipulagsstefnu til kynningar.	Skipulagsstofnun kynnir samráðsvettvangi, sveitarfél., opinb. stofnunum, félagasamtökum og almenningi.	Tillagan kynnt með tölvupósti á samráðsvettvang og auglýst opinberlega og send ýmsum aðilum til umsagnar. Einnig kynnt á vefnum.	Mars-apríl 2020 8 vikna athugasemda-frestur
	Úrvinnsla athugasemda	Yfirferð framkominna ábendinga og athugasemda við tillöguna.	Skipulagsstofnun vinnur.	Samantekt Skipulagsstofnunar er kynnt á vefnum. Einnig kynnt samráðsvettvangi með tölvupósti og þeim sem gerðu athugasemdir.	Maí 2020
	Tillaga til ráðherra	Tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu.	Skipulagsstofnun afhendir umhverfis- og auðlindaráðherra.	Tillaga Skipulagsstofnunar er birt á vefnum. Einnig kynnt samráðsvettvangi með tölvupósti.	Maí 2020
PINGSÁLYKTUN	Tillaga til þingsályktunar	Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.	Umhverfis- og auðlindaráðherra leggur fram á Alþingi. Þegar tillagan hefur verið tekin til umræðu á Alþingi er henni vísað til nefndar sem leitar umsagna um hana.	Tillagan er birt á vef Alþingis, althingi.is . Allir geta komið á framfæri umsögn um tillöguna til þingsins. Á vef Alþingis eru jafnframt birtar allar umsagnir um málið og afgreiðsla þingsins. Tillagan og endanleg þingsályktun eru einnig kynntar á vefnum og sendar með tölvupósti á samráðsvettvang.	Haust 2020

„Kynning á vefnum“ vísar til kynningar á skipulag.is, landsskipulag.is og á Facebook-síðu og Twitter-síðu Skipulagsstofnunar.



Helena Stefánsdóttir

Frá: Ester Anna Ármannsdóttir <ester@skipulag.is>
Sent: 15. mars 2019 15:20
Til: Ester Anna Ármannsdóttir
Efni: Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu og kynningar- og samráðsfundir um landið.

Til skipulagsfulltrúa,

Hafin er vinna við gerð viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem mótuð verður nánari skipulagsstefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Lýsing

[Lýsing](#) þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun stefnunnar liggur frammi til kynningar frá 16. mars til 8. apríl 2019. Lýsingin er aðgengileg á landsskipulag.is. Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistöð til Skipulagsstofnunar. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **8. apríl 2019**. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og geta borist bréfleiðis til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is, eða á athugasemdagátt á landsskipulag.is.

Lýsing er kynnt samkvæmt 11. gr. skipulagslaga og 16. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Kynningar- og samráðsfundir

Skipulagsstofnun stendur fyrir kynningar- og samráðsfundum um landið og eru allir sem áhuga hafa hvattir til að koma og kynna sér hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu og taka þátt í umræðum um æskilegar áherslur og aðgerðir í landsskipulagsstefnu varðandi loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Kynningarfundir veða haldnir á eftirfarandi stöðum:

- Borgarnesi 18. mars kl. 15-17 Hjálmakletti
- Ísafirði 19. mars kl. 14-16 Hótel Ísafirði
- Selfossi 20. mars kl. 15-17 Tryggvaskála
- Reykjavík 21. mars kl. 15-17.30 Nauthóli
- Akureyri 25. mars kl. 15-17 Hofi
- Egilsstöðum 27. mars kl. 15-17 Hótel Héraði
- Blönduósi 2. apríl kl. 15-17 Hótel Blöndu

Hús opnar 15 mín. fyrir upphaf fundar á hverjum stað. Heitt á könnunni. Fundinum í Reykjavík verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar.

Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar á landsskipulag.is

Ester Anna Ármannsdóttir

sérfræðingur, svið stefnumótunar og þróunar / Specialist, Strategy and Development

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

ester@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Helena Stefánsdóttir

Frá: Ester Anna Ármannsdóttir <ester@skipulag.is>
Sent: 20. mars 2019 11:52
Til: Ester Anna Ármannsdóttir
Efni: Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu til kynningar til 8. apríl 2019.
Viðhengi: Lýsing landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu.pdf

Góða daginn,

Skipulagsstofnun vill vekja athygli á því að lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu er til kynningar og hvetjum við skipulagsnefndir til að kynna sér efni hennar. **Kynningartími er til 8. apríl 2019** en ábendingum er hægt að koma á framfæri bréflaga til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is eða í athugasemdagátt á landsskipulag.is.

Lýsing er hér í viðhengi en hægt er að nálgast hana og nánari upplýsingar á landsskipulag.is.
Lýsing er kynnt samkvæmt 11. gr. skipulagslaga og 16. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Kveðja,
Ester

Ester Anna Ármannsdóttir

Starfandi sviðsstjóri, svið stefnumótunar og þróunar/ Acting Division Head, Strategy and Development
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
ester@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2019

Mál: Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dagsett 15. mars sl., þar sem lögð er fram verklýsing vegna mótnar nýs viðauka við landsskipulagsstefnu. Umhverfis- og skipulagsvið tekur undir þær áherslur sem koma fram í verklýsingunni, val nýrra viðfangsefna, loftslag, landslag og lýðheilsa og hvernig þau verða fléttuð inni gildandi stefnu. Þessar áherslur falla vel að megin markmiðum Reykjavíkurborgar í skipulags- og umhverfismálum eins og þau birtast í samþykktum skipulagsáætlunum og stefnum. Áherslurnar fara einnig vel saman við þær breytingar á skipulagi sem eru í vinnslu hjá borgaryfirvöldum og eru á döfinni.

Í ljósi þess að um tveir þriðju landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu er rétt að undistrika að haft verði náð samráð við Reykjavík og nágrennasveitarfélögin, ekki síst varðandi markmið er snerta loftslagsmálin. Um þau segir m.a. í verklýsingunni (bls. 4): „Setja skal fram stefnu um skipulagsaðgerðir sem miði að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með samþætту byggðar- og samgönguskipulagi sem dragi úr ferðapörf, styðji fjölbreyttan ferðamáta og tryggi innviði fyrir orkuskipti.” Þéttari og blandaðri byggð, breyttar ferðavenjur og efling vistvænni samgangna, ekki síst með uppbyggingu Borgarlínu, í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, hljóta að vera lykiláðgerðir svo að markmiðum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum verði náð. Tækifæri til breytinga á ferðavenjum, til að draga úr losun,¹ eru almennt mun meiri í þéttbýli en í dreifbýli og líklega meiri í stærra þéttbýli en minna þéttbýli. Á stærri borgarsvæðum eru jafnan meiri möguleikar á að byggja upp afkastamiklar hágæða almenningssamgöngur en á minni þéttbýlissvæðum. Í ljósi vægis höfuðborgarsvæðisins, horft til byggðar á landinu öllu, sem birtist meðal annars í því að um helmingur bílumferðar (ekin vegalengd) á Íslandi er innan höfuðborgarsvæðisins,² er mikilvægt að horfa sérstaklega á þetta eina borgarsvæði landsins þegar rætt er um markmið í loftslagsmálum. Það er því brýnt að þau tækifæri sem felast í þéttingu og blöndun byggðar og þá sérstaklega í Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu verði ávörpuð skilmerkilega í væntanlegri Landsskipulagsstefnu. Það er sérlega mikilvægt að tryggja kraftmikla uppbyggingu þéttari byggðar á höfuðborgarsvæðinu, líkt og gildandi svæðisskipulag boðar, til að skapa þann farþegagrunn sem styður við Borgarlínu. Að sama skapi þarf að setja almennt í forgang uppbyggingu á svæðum, innan höfuðborgarsvæðisins, þar sem raunhæfast er að ná umræddum markmiðum svæðisskipulags og loftslagsstefnu, bæði borgar og ríkis.

Umhverfis- og skipulagsvið og Reykjavíkurborg áskilja sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum, þegar tillaga að nýjum markmiðum landsskipulagsstefnu er komin fram.

Haraldur Sigurðsson

¹ Hér er mikilvægt að horfa einnig til kolefnisspors landnýtingar, samönguinnviða og farartækjanna sjálfra, en ekki einvörðungu losunar vegna notkunar þeirra.
² Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu & Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (2018); *Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033*, bls. 11.